Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

13. tölublað Þriðjudagur 27. mars 1979 8. árgangur Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Ísland úr Nato - Herinn burt

30. mars n.k. eru 30 ár liðin frá inngöngu Íslands í NATO. Á 30. mars 1949 þvinguðu stjórnvöld á Íslandi það fram að Ísland gerðist stofnaðili að þessu hernaðarbandalagi vestrænna heimsvaldasinna. Ríkisstjórnin beitti alþýðusamtök í landinu ofbeldi og ofríki til að þvínga fram þá þjóðhættulegu ákvörðun sína að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Mótmæli verkalýðssamtaka gegn aðildinni að NATO voru bókstaflega barin niður af vopnaðri lögreglu og hvítliðasveit Heimdellinga.

Aðild Íslands að NATO táknar beinan stuðning við þá herveldisstefnu sem Bandaríkin hafa rekið og reka í heiminum. Hún er stuðningur við undirokunarstefnu risaveldis gagnvart öðrum þjóðum, stuðningur við auðvaldsskipulagið og þær hörmungar sem það leiðir af sér í heiminum.

Heimsvaldastefna risaveldanna tveggja Bandaríkjanna og Sovétríkjanna ógnar nú réttindum og tilveru þjóða og ríkja í heiminum. Andstæðingar ofríkis og kúgunar verða að snúast gegn hernaðarbrölti og hernaðarbandalögum þessara stórvelda.

Á Íslandi er heimsvaldastefna Bandaríkjanna ríkjandi og því er baráttan gegn henni höfuðverkefni ísl. herstöðvaandstæðinga. Sovétríkin eru þó stöðugt að þenja út ítök sín hérlendis, efnahagsleg og pólitísk. Árvekni og barátta gegn útþenslu þeirra á Íslandi er frumskilyrði fyrir sigursælli baráttu herstöðvaandstæðinga. Sovétríkin eru heimsvaldasinnað ríki í sókn og þau eru helsta styrjaldarhættan.

Ríkisvaldið á Íslandi er reiðubúið að selja sig hæstbjóðanda. Það gefur fjölþjóðaauðhringum og bönkum æ meiri ítök í ísl. efnahagslífi og gerir ríkið æ háðara þeim. Það hefur líka komið í ljós að ísl. ríkisvald og auðvald er jafn reiðubúið að makka við sovésku heimsvaldasinnana og þá bandarísku.

Ríkisvaldið er nú sem endranær andstætt málstað herstöðvaandstæðinga og hættulegt sjálfstæði landsins, því það rekur þjónkunarstefnu gagnvart heimsvaldastefnunni. Herstöðvaandstæðingar til baráttu gegn heimsvaldastefnunni, erindrekum hennar og áhrifum!

Framkvæmdanefnd miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands M-L.

sjá nánar Blaðauka

Forysta BSRB verslar við ríkisstjórnina

Nú fyrir helgina samdi forysta BSRB við ríkisstjórnina um að fella niður 3% grunnkaupshækkunina 1. apríl gegn rýmkun á samningsrétti.

Hljótt hafði verið um þessi mál frá því í janúar þegar þessar samningaviðræður slitnuðu, aðallega vegna þess að ríkisstjórnin var að ákveða kjaraskerðinguna 1. mars. Síðan hefur málinu ekki verið hreyft opinberlega og jafnvel gefið í skyn að upp úr sé slitnað.

En stjórn og samninganefnd BSRB var hins vega snör að svara kalli ríkisstjórnarinnar þegar það barst nýlega, þrátt fyrir að ljóst er að veruleg andstaða er gegn þessu meðal opinberra starfsmanna. Til dæmis hafa nokkur félög opinberra starfsmanna ályktað gegn þessum samningum. En á því tekur forysta BSRB greinilega ekki mikið mark.

Samningurinn felur í sér að 3% hækkunin fellur niður eins og áður er sagt gegn því að "ríkisstjórnin beiti sér fyrir" nokkrum breytingum á lögum um opinbera starfsmenn.

Breytingarnar eru eftirfarandi:
a) Samningstími verði framvegis óbundinn að lögum en ekki bundinn til tveggja ára eins og nú er.
b) Einstök aðildarfélög fá verkfallsrétt um röðun í launaflokka en geta líka skotið málinu til gerðardóms. Sá hængurinn er á þessari "réttarbót" að henni má aðeins beita á þriggja ára fresti og öll félög sem hyggja þá á verkfall verða að gera það samtímis. Til samanburðar má geta þess að nú er samið um röðun í launaflokka til tveggja ára í senn.
c) Fækkað er í Kjaradeilunefnd úr 9 í 5 en samsetning þeirra manna sem hana skipa er jafn óhagstæð, þ.e. tveir frá hvorum deiluaðila og einn frá Hæstarétti.
d) Lög um opinbera starfsmenn ná einnig til starfsmanna hálfopinberra stofnana.

Fyrirvari er um samþykki í allsherjaratkvæðagreiðslu félaga BSRB. Útborgun þriggja prósentanna er hins vegar frestað.

Það er ljóst að eina skrefið fram á við að fullum samningsrétti í þessum samningi er fyrsti liðurinn. Hitt eru allt minniháttar atriði. En er þetta nóg til að láta 3% hækkunina af hendi? Er þorandi að gefa þetta fordæmi, að ríkisstjórnin geti með samþykki stéttarfélags eða án svipt burt kauphækkun gegn réttarbótum sem oft eru aðeins óljós loforð eða einskis verður pappír?

Svarið hlýtur að vera neitandi.

Að semja eða taka.

Það er kyndugt að sömu menn og fyrir ári mótmæltu réttilega kaupráni og samningssvikum þáverandi ríkisstjórnar eru nú að makka við ríkisstjórn sem hefur nú þegar skert kaupið verulega.

Þessi ríkisstjórn hefur ekki einu sinni staðið við óljósu loforðin um félagslegar umbætur vegna kjaraskerðingarinnar 1. des. sl.. Þá voru opinberir starfsmenn sviptir vísitöluuppbótum eins og aðrir. Ríkisstjórnin hefur ekki svarað til lögum stjórnar BSRB um félags-

framhald á síðu 2



Mótmælafundur verkalýðshreyfingarinnar 1. mars 1978. Þá stóð yfir í landinu ólöglegt tveggja daga allsherjarverkfall vegna brota ríkisvaldsins á gerðum kjarasamningum og gegn kaupráni.

Sameiningarviðræður marxista-lenínista

Fulltrúar Einingarsamtaka Kommúnista m-l og fulltrúar Kommúnistaflokks Íslands m-l hafa nú byrjað viðræður um sameiningu þessara tveggja aðila. Undirbúningsfundur hefur þegar verið haldinn og frekari viðræður verða haldnar á næstunni. Það er mikið ánægjuefni, að viðræður um sameiningu skuli hafa verið hafnar að nýju, verkalýðsstéttinni er nauðsyn að til sé öflugur kommúnistaflokkur sem veitt getur baráttu hennar forystu. Í ljósi þess áhlaups sem nútíma endurskoðunarsinnar með Sovétríkin í broddi fylkingar eru að hefja gegn kommúnismanum, ríður á að öll öfl sem tiltæk eru séu sameinuð í baráttunni gegn herhlaupi rússadindlanna á Íslandi. Sameining íslenskra marxista-lenínista er mikilvægasta skrefið í þeirri baráttu, eins og nú er málum háttað.

Viðtöl við fulltrúa Baráttueiningar og Samfylkingar

SJÁ BAKSÍÐU



Fundur KFÍ og EIK, 1. maí '76.

Fréttir um kínverska innrás í Laos rangar

SJÁ BAKSÍÐU

Að biðja um kauplækkun



SJÁ SÍÐU 7

LEIÐARI

Samningarnir ekki settir í gildi

Forystumenn BSRB hafa nú sýnt sitt rétta andlit með því að samþykkja að afsala sér þeirri launahækkun sem náðist í verkföllunum haustið 1977. Reynt er að breiða yfir þetta með því að fengist hafi nokkuð rýmri verkfallsréttur.

Ef það er ávinningur launþega með vinstri stjórninni að launþegar verði að greiða fyrir verkfallsréttinn af launum sínum, þá er vinstri stjórn einskis virði. Fyrir kosningar var því hampað að nauðsynlegt væri fyrir launþega að hafa vinsamlega ríkisstjórn til að verja kjör og réttindi launafólks. Nú er komið í ljós að það vakti ekki fyrir hinum sk. verkalýðsflokkum að ganga erinda launþega. Þvert á móti sóttust þeir ekki eftir öðru en valdaaðstöðu í þjóðfélaginu, fyrir flokksklíkurnar. Þetta eru þeir nú í óða önn að framkvæma á kostnað launþega, með kjaraskerðingum og skattpíningu.

Fyrir tólf mánuðum síðan hófu verkalýðsforingjarnir mikla áróðursherferð fyrir því að ekki yrði nein skerðing á vísitölunni. Eftir að vinstri flokkarnir höfðu síðan sigrað í kosningunum, snéru þeir blaðinu við. Nú sjá þeir enga leið til að standa við gerða samninga og eru hinir ánægðustu með skerðingu vísitölunnar, sem var þeim heilög fyrir kosningar.

Nú sitja verkalýðsforingjar Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins á maraþonfundi til að bjarga ríkisstjórninni. Það er ekki rætt um hvernig eigi að koma í veg fyrir 6,6% skerðingu vísitölunnar. Nú hafa málin snúist við. Verkalýðsforingjarnir leggja nú alla sína orku í að skerða vísitöluna, sem áður mátti ekki hreyfa við. Þeir Guðmundur J. Guðmundsson og Karl Steinar eru ekki að leggja á ráðin hvernig eigi að verja kjörin heldur hvernig eigi að halda áfram kaupráninu.

Þetta eru sömu mennirnir sem fyrir ári síðan hrópuðu hæst um "samningana í gildi". Nú berjast þeir fyrir því að samningarnir verði alls ekki settir í gildi og að vísitöluskerðingin haldi áfram.

Verk þessara manna hafa sýnt og sannað að þeim er í engu treystandi til að vera einarðir talsmenn launþega. Það eru önnur sjónarmið sem ráða stefnu þeirra hverju sinni.

Launþegar geta í engu treyst mönnum á borð við Guðmund J. Guðmundsson og Karl Steinar. Þeir eru rígbundnir í flokksbönd sem eru launþegum framandi. Hvorki Alþýðuflokkur né Alþýðubandalag eru raunverulegir verkalýðsflokkar. Þessum flokkum er því ekkert frekar treystandi en Sjálfstæðisflokknum í verkalýðsmálum.

Þetta eru mikilvægustu lærdómarnir sem fengist hafa af núverandi ríkisstjórn.

Ef hægt á að vera að verja kjörin verður verkafólk að treysta á eigin krafta og reka svikarana úr valdastólum verkalýðsfélaganna.

Forysta BSRB verslar við ríkisstjórnina

framhald af forsíðu

legar umbætur að upphæð 3% síðan þá.

Samt semja forystumenn BSRB við þessa ríkisstjórn. Það er greinilegt að þeir taka mið af því hvað kemur sér best fyrir núverandi stjórnarflokka en gefa skít í hagsmuni launþega.

Einu sinni stóð formaður BSRB í pontu á fundi í Háskólabíói og sagði að ekki væri hægt að semja um samningsrétt, hann yrði að taka. Nú skrifar þessi sami maður í Ásgarð, málgagn BSRB, að það verði að semja og láta af hendi umsamda launahækkun.

Hið margrómaða lýðræði innan BSRB.

Forystumenn BSRB guma mikið af hinu margrómaða lýðræði innan BSRB. Vissulega mun Stéttabaráttan ekki lasta það mikla lýðræðismerki sem felst í allsherjaratkvæðagreiðslum sem réttilega hafa verið mikið notaðar.

En það ber að spyrja stjórn BSRB af hverju á nú að draga atkvæðagreiðsluna fram í byrjun maí? Er það til þess að hægt sé að hella yfir opinbera starfsmenn skefjalausum áróðri um nauðsyn samningsins?

Og fyrst lýðræðið hefur borið á góma er ekki úr vegi að spyrja einnig hver sé ástæða þess að í Ásgarði er birt hjartnæm ræða formanns samtakanna um nauðsyn samninganna en þar er ekki stafkrók að finna um mótmæli hinna ýmsu aðildarfélaga BSRB?

STB er kunnugt um að nokkur félaganna sem ályktað hafa gegn samningum hafa sent þær ályktanir til stjórnar BSRB.

Að minnsta kosti fjögur félög í Reykjavík hafa sent frá sér slíkar ályktanir. Það eru símamenn gagnfræðaskólakennarar, starfsmenn útvarps og sjónvarps.

Af hverju vill ríkisstjórnin að 3% falli niður?

Ástæðan er ofur einföld. Gvendur Jaki hefur hótað því að nái þessi hækkun fram að ganga þá muni verkalýðsfélögin "hans" krefjast 10% hækkunar. Þegar forysta ASÍ samþykkti 1. des. sl. að framlengja samninga var það gegn því loforði að ríkisstjórnin sæi svo um að þessi 3% hækkun yrði ekki greidd.

Þannig er þetta makk og aftur makk milli "verkalýðsforingja" og ríkisstjórnarinnar þar sem ekki er skirrst við að etja saman launþegahópum gegn hver öðrum.

Lafhræddir við hótanir Jakans kippa alþýðubandalagsforkólfarnir í spottana sem stjórna forystu BSRB.

Nú verður hins vegar að brjóta skarð í stéttasamvinnumúrinn sem forystumenn okkar eru búnir að hlaða. Það er nú verkefni opinberra starfsmanna að halda fast við það að fá umsamda kauphækkun og fella samkomulag stjórnar og samninganefn BSRB við ríkisstjórnina.

Stofnum Kampucheunefnd

Eftirfarandi bréf var sent til miðstjórnar EIK(m-l) frá framkvæmdanefnd miðstjórnar KFÍml

Reykjavík 12.3.1979

Til fn/ms EIK(m-l)

Félagar.

Nú hafa nútímaendurskoðunarsinnarnir í Kreml blásið til alþjóðlegrar sóknar gegn marxismanum-lenínismanum. Er þar skemmst að minnast þeirra ögrana sem Víetnamar hafa með tilstyrk Sovétríkjanna sýnt Kína og leiddu að lokum til þess að kínverjar gerðu gagnárás. Þessa atburði ætla sósíalheimsvaldasinnarnir og taglhnýtingar þeirra um allan heim að nota til að sverta sósíalismann og breiða yfir eigin heimsvaldastefnu.

Eitt af því sem ætlunin er að fela er innrás Víetnam í Kampútseu og frelsisstríðið sem kampútseumenn heyja nú.

Þetta ástand krefst þess af íslenskum marx-lenínistum að þeir snúi bökum saman og snúi vörn í sókn. Því leggjum við til að KFÍ/ml og EIK(m-l) hafi frumkvæði að stofnun Kampútseunefndar sem skipuleggi stuðningsstarf við kampútseumenn og leiti eftir tengslum við frelsishreyfingu þeirra.

Fn/ms KFÍ/ml.

Kjörorðatillaga Baráttueiningar

Eftirfarandi eru þau kjörorð sem stjórn Baráttueiningar 1. maí lagði til við Samfylkingu, að yrðu borin í sameiginlegri göngu hreyfinganna. Hér er um tillögu að grundvelli að ræða og stjórn Baráttueiningar lýsti eftir breytingartillögum er kynnu að bæta grundvöllinn. Grundvöllurinn í heild verður birtur í næsta blaði en hér birtist tillagan að kjörorðum aðgerðanna:

Kjarabaráttan: Gegn stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar. - Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum. - Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. - Eining og starf á grundvelli stéttabaráttunnar. - Verjum samningsréttinn. - Gegn afskiptum ríkisvaldsins af kjarasamningum. - Fullan verkfalls- og samningsrétt til handa iðnnemum. - Fullan verkfalls- og samningsrétt til handa opinberum starfsmönnum. - Til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi.

Andheimsvaldabaráttan: Gegn allri heimsvaldastefnu. - Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. - Ísland úr NATO-herinn burt. - Önnur kjörorð s.s. stuðningur við frelsishreyfingar og aðra sósíalíska baráttu. (Sérstaklega gegn útþenslustefnu Sovétríkjanna í Afríku og Asíu o.s.frv.).

Jafnréttisbaráttan: Kvennabarátta er stéttabarátta. - Gegn allri kvennakúgun. - Jafnrétti og samstaða verkakvenna og verkakarla. - Jafnrétti til starfs náms og launa. - Næga, góða og ókeypis dagvistun fyrir öll börn. - Önnur kjörorð.

Hagsmunabarátta námsmanna: Jafnrétti til náms. - Námslán nægi til framfærslu. - Engar endurgreiðslur námslána af þurftarlaunum. - Samstaða, námsfólk - vinnandi alþýða. - Önnur kjörorð.

Fréttir um kínverska innrás í Laos rangar. framhald af baksíðu

sem fyrst og fremst freistar sovésku heimsvaldastefnunnar. Meðal annars má benda á það að meirihluti rússneska hersins er við Vestur-Evrópu meðan aðeins tæpur fjórðungur er við landamæri Sovétríkjanna og Kína.

Lygaherferð þeirra gegn Kína núna er aðeins liður í hrikalegum heimsvaldaáformum rússanna.

Baráttueining

1. MAÍ

Viðtal við fulltrúa Baráttueiningar. framhald af baksíðu

Hvað varðar skipulagsmálin þá lögðum við upp að aðgerðirnar yrðu sameiginlegar aðgerðir þessara tveggja hreyfinga, sem svo myndu bjóða stéttarfélögum, hagsmunasamtökum alþýðufólks og öðrum framsæknum heyfingum samstarf. Og að aðgerðirnar færu fram í nafni beggja hreyfinganna og þá bent á mikilvægi samfylkingar þeirra.

Fulltrúar Samfylkingar lögðu áherslu á að aðgerðirnar bæru nýtt nafn (Baráttusamfylking) og að Baráttueining og Samfylking yrðu aðilar að henni á jafnréttisgrundvelli við þau samtök er kynnu að koma til samstarfs.

Þó að við teldum þetta vera óþarfa hártogun hjá þeim og eingöngu til að flækja málin, samþykktum við tillögu þeirra um nýja nafnið, Baráttusamfylking.

Síðan voru ákveðin önnur skipulagsleg atriði varðandi hina fyrirhuguðu sameiginlegu kröfugöngu, útifund og innifund.

Ákveðið var að senda út til ýmissra félagasamtaka og hreyfinga, samstarfstilboð og fundarboð. Í þessu tilboði verður lögð höfuðáhersla á pólitísk meginatriði aðgerðanna, baráttuna gegn kreppuárásum auðvaldsins og stéttasamvinnunni og baráttuna gegn heimsvaldastefnu risav[illegible]nna og stríðsundirbúningi þe[illegible]a.



ÚR BARÁTTUNNI

VERÐUR HALDINN FÉLAGSFUNDUR Í DAGSBRÚN Í ÁR ?

Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hefur verið önnum kafin undanfarna mánuði. Svo mikið hefur hún haft að gera við að bjarga þeirri ríkisstjórn kjaraskerðinga sem nú situr frá falli, að félagsmál Dagsbrúnar hafa algerlega setið á hakanum.

Verkalýðsfélaginu Dagsbrún beita þeir þingmennirnir Eðvarð og Guðmundur eingöngu í þágu Alþýðubandalagsins og síns eigin.

Félagsfundur hefur ekki verið haldinn svo mánuðum skiptir og þegar blaðamaður Stéttabaráttunnar spurðist fyrir um almenna fundi í félaginu, á skrifstofunni að Lindargötu í sl. viku, gaf Eðvarð þau svör að engin ákvörðun lægi fyrir um slíkt.

Það er í krafti stjórnarstöðu sinnar í Dagsbrún að þessir tveir menn sitja í miðstjórn ASÍ og að Eðvarð er formaður Landssambands lífeyrissjóða, Guðmundur formaður Verkamannasambandsins o.s.frv.. Það er jafn ljóst að þeir njóta lítils fylgis og trausts í félaginu. Það sannaðist þegar átti að bjóða fram kosningalista gegn þeim á sl. ári.

Það er bersýnileg staðreynd að það er ekki í lýðræðislegu umboði almennra félagsmanna og með samþykki þeirra sem þessir menn taka þátt í gerð ályktana og samþykkta um stuðning við núverandi ríkisstjórn.

Samkvæmt lögum stéttarfélagsins átti að halda aðalfund þess fyrir 15. feb.. Hann hefur ekki verið haldinn og ekki hefur enn verið fyrirhugað að halda hann. Raunar er það árlegur viðburður í Dagsbrún að aðalfundurinn er ekki haldinn fyrr en mörgum mánuðum of seint. Dæmigert fyrir "lýðræðislegar" starfsaðferðir stjórnarinnar.

MÓTMÆLI KENNARA.

Sú gleðilega þróun hefur orðið undanfarið að umræður um skólamál og réttindi kennara hafa aukist í skólum.

Það eru einkum tvö mál sem fjallað hefur verið um. Hið fyrra er varðandi hugmyndir ríkis og borgar um fjölgun í bekkjum. Að minnsta kosti kennarar þriggja skóla, Ármúla skóla, Breiðholtsskóla og Hlíða skóla, hafa mótmælt þessum hugmyndum. Ástæða er til að hvetja kennara til að halda þessu áfram og efla umræður í skólunum sjálfum.

Hitt málið varðar skipulagningu skólamála. Það hefur verið viðtekin venja að fræðsluyfirvöld hafa ráðskast með þau mál að eigin vild. Oft eru kennarar í algerri óvissu fram eftir sumri hvort þeir fái starf næsta árið. Skólar eru lagðir niður án þess að kennarar viti nokkurn hlut um það. Nú síðast voru grunnskóladeildir Ármúlaskóla lagðar niður án þess að kennurum væri skýrt frá því né sagt hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til þess að þeir héldu vinnu sinni.

Ástæða er líka til að benda á að yfirvöld hafa gjarnan leikið þann leik að ákveða ekki endanlega um þessa hluti fyrr en skólunum er lokið og kennarar farnir í frí.

Það má einnig benda á að þetta er ekki bara mál kennara heldur og foreldra skólabarna. Allt þetta umrót og óánægja hlýtur að bitna á starfi skólanna

Inngangan í NATO



Í þessari grein verður ekki rakið í einstökum atriðum hvað gerðist þann 30. mars 1949, enda hafa aðrir gert því efni góð skil í bókum og blaðagreinum. Hér verður aðallega dvalist við þá atburði sem kunna að verða okkur lærdómar fyrir baráttuna gegn NATO og hernum núna.

Þessi atriði lúta aðallega að hlutverki þingsins annars vegar og fjöldabaráttunnar hins vegar.

Við teljum að ákvörðunin um inngöngu Íslands í NATO hafi verið tekin af Alþingi 30. mars 1949. Það er rétt að því leyti að formleg ákvörðun Alþingis var tekin þá, en íslenskir auðherrar undir forystu íhaldsins, höfðu þá fyrir löngu tekið þessa ákvörðun.

Fljótlega eftir aðra heimsstyrjöldina fór að bera á hræringum meðal auðvaldsríkjanna í Vestur-Evrópu. Þau gerðu hernaðarbandalög sín á milli. Þessum bandalögum var beint gegn Sovétríkjunum, ekki til varnar heldur til árásar. Haustið 1948 var síðan farið að funda um það hvort stofna ætti "varnarbandalag" allra ríkja í Vestur- og Norður-Evrópu.

Tilgangur þessa bandalags var tvíþættur. Annars vegar að vera viðbúið árás á Sovétríkin og hins vegar að tryggja stöðu auðvaldsins í ríkjum Vestur-Evrópu. Áður en til þessa kom hafði bandaríska heimsvaldastefnan komið ár sinni vel fyrir borð og gert þessi ríki háð sér með Marshall-aðstoðinni. Það var fyrsta skref Bandaríkjanna til yfirráða í Vestur-Evrópu. Eftir að hin efnahagslegu yfirráð voru tryggð, fóru bandarísku heimsvaldasinnarnir að leita hófanna um hernaðarleg tengsl undir sinni forystu. Árangurinn varð síðan stofnun NATO 4. apríl 1949.

Gangur mála á Íslandi.

Í lok heimsstyrjaldarinnar var þess vænst að bandaríski herinn hyrfi á brott. Af því varð þó ekki eins og allir vita. Í október 1945 barst beiðni Bandaríkjanna um herstöðvar á þrem stöðum til 99 ára. Henni var hafnað meðal annars vegna mikillar andstöðu ýmissa félaga um land allt.

Eftir þetta sat herinn sem fastast og málið lá í þagnargildi. Eftir þinglausnir sumarið 1946 hófust samningaviðræður við bandaríkjamenn fyrir alvöru. Árangurinn var samningur um að herinn færi á brott en bandaríkjamenn fengju afnot af Keflavíkurflugvelli í sex og hálft ár.

Samningur þessi var síðar formlega viðurkenndur af alþingi 5. október 1946.

Næsta skrefið var síðan stigið í júlí 1948 þegar Marshallsamningurinn var undirritaður. Í þetta sinnið var alþingi ekki látið fjalla um málið.

Tæpu ári síðar láta íslenskir auðherrar alþingi síðan samþykkja inngöngu í Nató.

Síðasta skrefið er stigið 1951 þegar bandaríski herinn kemur öðru sinni. Þá er í raun komið það ástand sem bandaríkjastjórn vildi fá með beiðni sinni um herstöðvar til 99 ára.

Þannig var gangur mála í grófum dráttum.

Hlutverk þingsins.

Það athyglisverðasta er hlutverk þingsins í þessum ákvörðunum. Í öll þau skipti sem þingið er á annað borð látið leggja blessun sína yfir aukin hernaðartengsl við Bandaríkin þá er um að ræða formlegan þingræðisstimpil á áður tekna ákvörðun. Þingið ræður engu og hefur engin úrslitaáhrif.

Hér hafa tekist á tvær andstæðar fylkingar, annars vegar auðvaldssinnar sem vilja náin tengsl við bandarísku heimsvaldastefnuna, hins vegar þeir sem vilja óháð og sjálfstætt ríki án þess að vera háð nokkru risaveldi.

Þróun og úrslit þessara mála sýnir að hinir fyrrnefndu hafa verið sterkari og því komið sínum málum í höfn.

Úrslit mála ráðast ekki á þinginu eins og sumir vilja vera láta. Úrslitin byggjast á fjöldastarfinu, vel skipulögðu sem nær til allra. Þetta má ekki skilja svo að þénustumenn Bandaríkjanna hafi unnið fjöldastarf í sömu merkingu og okkar heldur höfðu þeir frumkvæðið og lið sitt skipulagt.

Afstaða borgarastéttarinnar.


Annað athyglisvert er afstaða borgarastéttarinnar. Lengi vel var talað um hernám. Ljóst er þó að hér var um að ræða ákvörðun sem íslenska borgarastéttin tók af fúsum og frjálsum vilja vegna þess að í þessu sá hún hag sínum best borgið. Í staðinn fyrir herstöðvarnar hér fengu íslenskir kapítalistar ýmiss konar viðskiptasambönd og fríðindi í Bandaríkjunum.

Auk þess sjá íslenskir kapítalistar tryggingu í hernum gegn byltingaröflum sem hugsanlega geta ógnað valdaaðstöðu þeirra á Íslandi.

Þannig er það alveg öruggt að íslenska borgarastéttin var síður en svo neydd til þess að ganga í Nató og leyfa hernum að vera hér. Og hún kemur til með að vera sama sinnis meðan hagsmunir hennar bjóða henni svo.



Myndin er tekin á Djúpavogi 1961 þegar undirskriftasöfnun Samtaka hernámsandstæðinga gegn herstöðvunum stóð yfir.



Undirskriftar listarnir gegn her í landi sem færðir voru forseta Íslands 1961, bundnir í 21 bók. Yfir 50 % kjósenda skrifuðu undir.

Baráttan gegn hernum og Natö.

Þegar fortíðin er skoðuð er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir baráttusögunni.

Allt frá árinu 1940 hefur erlendur her verið í landinu. En það er ekki fyrr en 1954 sem stofnuð eru samtök gegn hernum.

Fram að þeim tíma virðist baráttan fara einkum fram innan þingsins og vera bundin við þá tíma þegar einhverjar meiri háttar ákvarðanir eru teknar þar. Um skipulagða hreyfingu er ekki að ræða.

Það hefur verið um of og stundum eingöngu treyst á þinglega hlið baráttunnar.

Baráttan innan þings er einskis virði nema sem afleiðing sterkrar baráttuhreyfingar utan þings.

Úrslitin ráðast utan þingsins. Þingið er nú sem áður aðeins stofnun til að gefa áður teknum ákvörðunum lýðræðis- og þingræðislegan stimpil.

Verkefni herstöðvaandstæðinga hlýtur þess vegna að vera að efla samtök herstöðvaandstæðinga stórlega. Herstöðvaandstæðingar verða að hasla sér völl á öllum sviðum og nota öll tækifæri til að koma málstaðnum á framfæri. Markmiðið er að stofna til svo voldugrar og víðtækrar samfylkingar að hún kæfi áróður herstöðvasinna.

Við verðum þó alltaf að vera minnug þess að herstöðvasinnar beittu ofbeldi til að koma sínum málum í höfn. Núverandi talsmenn bandarísku heimsvaldastefnunnar eru örugglega engir eftirbátar forvera sinna í þeim efnum.

Menningardagar herstöðvaandstæðinga

Menningardögum herstöðvaandstæðinga mun ljúka með veglegri dagskrá í Háskólabíói laugardaginn 31. mars nk. Sigurður Rúnar Jónsson fiðluleikari hefur undanfarið verið að útsetja og æfa ýmis baráttulög herstöðvaandstæðinga. Munu þau verða flutt af fjölmörgum tónlistarmönnum. Fram koma félagar úr hljómsveitinni Póker, um 25 meðlimir sinfóníuhljómsveitarinnar og söngsveitin Kjarabót og fleiri munu annast söng. Er öruggt að þessir tónleikar muni verða hinir áhugaverðustu og er fólk eindregið hvatt til þess að láta þá ekki fram hjá sér fara.

Nokkrar kvikmyndir eru komnar til landsins og er ætlunin að sýna þær í næstu viku. Mun nánar verða greint frá þeim síðar.

Dagskráin að Kjarvalsstöðum hefur verið fjölsótt Mikill kostnaður er við þessa dagskrá en allt bendir til þess að hún hafi meira en staðið undir sér. Þó eru SHA fjár þurfi svo þau megni að efla starfið enn meir. Hinar vinsælu plastfötur munu því ferðast um á samkomunni í Háskólabíói og eru menn eindregið hvattir til að mæta vel fjáðir en fara aftur sýnu fátækari.

Eflum baráttuna og njótum góðrar skemmtunar.

Baráttuannáll herstöðvaandstæðinga 1950 - 1970

1951: Bandaríski herinn stígur opinberlega á land eftir inngöngu Íslands í NATO 1949.

1953: Stofnuð hreyfingin Þjóðareining gegn her í landi. Aðalhvatamenn: Gunnar M. Magnuss, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Gunnar Cortes, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Pétur Pétursson o.fl. 5.-7. maí: Þjóðarráðstefna gegn her í landi. Vinstri sinnaðir stúdentar ná meiri hluta í Stúdentaráði. 1. des. helgaður baráttunni gegn hernum í fyrsta sinn.

1954: 1. des. helgaður baráttunni fyrir brottför hersins.
Vinstrimenn ná meiri hluta í ASÍ og samþykkja ályktun um brottför hersins.

1955: 1. des. helgaður baráttunni fyrir brottför hersins.

1956: ASÍ ályktar um brottför hersins. "Vinstri stjórnin boðar endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin með brottför hersins í huga". Þessi endurskoðun fór þó aldrei fram.

1957: Rithöfundafélag Íslands, Félag íslenskra myndlistarmanna og róttækir stúdentar stóðu fyrir fundi 8. des. í Gamla bíói. Húsfyllir varð og á eftir var gengið heim til forsætisráðherra, Hermanns Jónassonar, og þess krafist að ríkisstjórnin stæði við loforð sitt um brottför hersins.

1958: ASÍ ályktar um brottför hersins. Stofnuð samtökin Friðlýst land.

1960: ASÍ ályktar um brottför hersins. Fyrsta Keflavíkurgangan. Hún tókst mjög vel og eftir hana voru stofnuð samtök hernámsandstæðinga 10. sept. Undirskriftasöfnun gegn hernum hefst í nóvember.

1961: Samtök hernámsandstæðinga ná yfir allt land. Undirskriftasöfnun gegn hernum lýkur. Yfir 50% kjósenda skrifuðu sig á undirskriftalista. Önnur Keflavíkurgangan.

1962: Samtök hernámsandstæðinga gangast fyrir menningarviku 3-11 mars. Hvalfjarðarganga. 1. Landsfundur Samtaka hernámsandstæðinga haldinn í Reykjavík.

1964: 2. Landsfundur Samtaka hernámsandstæðinga að Skjólbrekku við Mývatn. 3. Keflavíkurgangan.

1965: 4. Keflavíkurgangan. 2. Menningarvikan á vegum Samtaka hernámsandstæðinga haldin 1-7. maí.

1966: 3. Landsfundur Samtaka hernámsandstæðinga að Bifröst í Borgarfirði.

1967: Samtök hernámsandstæðinga gangast fyrir listavöku 12. febr.-15. mars.

1968: 5. Keflavíkurgangan. Samtök hernámsandstæðinga lýsa yfir andúð á afskiptasemi Varsjárbandalagsins í innanríkismál Tékkóslóvakíu.

1969: Samtök hernámsandstæðinga halda fund í Háskólabíói 30. mars til að minnast þess að 20 ár eru liðin frá inngöngu Íslands í NATO.

Heimild: Greinar Árna Björnssonar í Dagfara 4. og 5. tbl. 1978.

1949

Ísland úr NATO



Lögregluvörður um Alþingishúsið 30. mars 1949.



Austurvöllur síðla dags 30. mars 1949.



Síðar sama dag: Mannfjöldinn ber fram kröfuna um þjóðaratkvæði.



Frá fyrstu Keflavíkurgöngunni 19. júní 1960.



Frá Þingvallafundinum 9. september 1960.






Útifundurinn við Miðbæjarskólann eftir gönguna 1960.

Herinn burt


1979



Frá Keflavíkurgöngunni 1976 sem er sú fjölmennasta sem farin hefur verið.



Straumsvikurgangan 1977.



Starfsemi SHA kynnt í Austurstræti.



Ásmundur Ásmundsson, formaður miðnefndar Samtaka Herstöðvaandstæðinga, flytur ávarp Samtakanna vegna Natófundarins á Loftleiðahótelinu 1977.



Tekin hvíld frá heyskap til að kynna sér "Ávarp til Íslendinga" frá Þingvallafundinum.



Að Þingvallafundi loknum: Útifundur hernámsandstæðinga í Reykjavík sunnudagskvöldið 11. september 1960.

Samtök herstöðvaandstæðinga síðustu 5 ár

1974

Árið 1974 var sigurár herstöðvasinna. Það ár starfaði Varið land af krafti en starf herstöðvaandstæðinga var í lágmarki.

Um vorið voru þáverandi Samtök herstöðvaandstæðinga lögð niður eftir látlausan ágreining þar á tíma vinstristjórnarinnar. Kosningar voru þá í nánd og Alþýðubandalagið óttaðist róttækt fólk innan samtakanna sem gat orðið því erfiður ljár í þúfu í kosningaslagnum. Undangengin voru þá svik vinstri-stjórnarinnar í hermálinu, en þau höfðu orðið til þess að stór hluti herstöðvaandstæðinga veittist að Alþýðubandalaginu með harðri gagnrýni. Þótti því Alþýðubandalaginu best að sem minnst færi fyrir herstöðvaandstæðingum og beitti sér gegn sérhverri viðleitni til baráttu. Þann 30. mars boðuðu samtökin til kröfugöngu frá Hlemmtorgi. Vont veður var þann dag en all nokkur hópur manna mætti þó til göngunnar, gallvaskir í regngöllum. Þegar á Hlemm kom stóðu þar ýmsir forystusauðir Alþýðubandalagsins og vísuðu fólki frá, þar sem hætt hefði verið við gönguna. Jafnframt fóru félagar Alþýðubandalagsins í stjórn samtakanna, niður í útvarp og létu útvarpa auglýsingu um að göngunni væri frestað. Hvort tveggja var gert án samráðs við aðra stjórnarmenn. Olli þetta að vonum mikilli óánægju og deilum.

Árið áður þegar Nixon og Pompidou þinguðu hér á landi, báru herstöðvaandstæðingar kröfuna: "Herlaust land 1974" og hugðu á sókn á þjóðhátíðarárinu. En Alþýðubandalaginu hentaði illa barátta á þeim tíma og sóknin varð engin. Herstöðvasinnar gerðu sér fulla grein fyrir því hvernig landið lá og hófu sína sókn með undirskriftasöfnun "Varins lands". Gegn þessu stóðu herstöðvaandstæðingar sundraðir og forystulausir Samtök þeirra voru í molum sakir innbyrðis deilna. Einstaka menn vildu efla samtökin og blása til atlögu gegn VL-ingum, en Alþýðubandalagið kæfði allar slíkar tilraunir af því það óttaðist baráttuna og vissi að það gat ekki stjórnað samtökunum í einu og öllu. Afleiðingin varð svo sigurför VL-inga meðan herstöðvaandstæðingar læddust með veggjum og bölvuðu upphátt og í hljóði.

Þegar Alþýðubandalagið snerist gegn herstöðvaandstæðingum var enginn annar aðili nógu sterkur til að halda samtökum þeirra virkum. Einstaklingar sem ekki lutu forystu neinna pólitískra samtaka höfðu hvorki skipulag né bolmagn til að halda uppi öflugum samtökum. Fylkingin sem hafði leitt róttækari arm samtakanna, hafði heldur hvorki pólitískan né skipulagslegan styrk til að stilla Alþýðubandalaginu upp við vegg og leiða baráttuna. Þennan veikleika gerði Fylkingin sér ljósan og í kosningabaráttunni sá hún sér þann kost vænstan að láta hljótt vera um Samtök herstöðvaandstæðinga, af ótta við að Alþýðubandalaginu tækist þrátt fyrir allt að beita þeim fyrir kosningavél sina. KSML tóku á þessum tíma engann þátt í starfi herstöðvaandstæðinga og lýstu fyrirlitningu sinni á "smáborgaralegum þjóðrembingi þeirra.

Á þessu örlagaríka þjóðhátíðarári fór því lítið fyrir herstöðvaandstæðingum, en Fylkingin stóð þó fyrir eftirminnilegum aðgerðum á Þingvöllum.

1975

Árið 1975 var Alþýðubandalagið í stjórnarandstöðu og hugði nú ráða til að verma ráðherrastólana að nýju. Þótti því nú sem heppilegt mynd að fá svo sem eitt stykki af Samtökum herstöðvaandstæðinga til liðs við sig fyrir næstu kosningar.



Keflavíkurgangan 1976.

Því safnaði það undirskriftum nokkurra manna úr ýmsum stjórnmálaflokkum sem boðuðu til landsráðstefnu herstöðvaandstæðinga í Stapa þá um haustið. Tilgangur Alþýðubandalagsins var ljós, eða eins og sagði í tillögum undirbúningsnefndar (sem skipuð var Alþýðubandalagsmönnum) : " Í fyrsta lagi verði unnið að áætlun um brottför hersins og höfð um það náin samráð við alla þá pólitísku aðila sem að því vilja vinna þannig að fyrir liggi samstaða um fyrstu skrefin að þessu marki, þegar herstöðvaandstæðingar fá í næsta sinn sterka aðstöðu í ríkisstjórn." (Undirstr. STB) Sá kafli sem hér er undirstrikaður var síðan felldur út á ráðstefnunni.

En margt hafði gerst á því eina og hálfa ári sem liðið var frá því fyrri samtök lognuðust út af. Fylkingin hafði gengið trotskyismanum á hönd og var mjög að einangrast sökum afstöðu sinnar til "skoðanafrelsis" og eindreginnar andstöðu við "þjóðernishyggju" eða baráttu fyrir þjóðlegum sjálfsákvörðunarrétti. KSML hafði gert upp við einangrunarstefnu sína og tók nú þátt í baráttu herstöðvaandstæðinga. Lögðu KSML fram að stríðshættan stafaði af samkeppni risaveldanna tveggja USA og USSR og um mikilvægi þess að verja sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar. Aðal baráttan á þessari ráðstefnu stóð um það hvort berjast skyldi gegn bæði hernum og NATO eða bara gegn hernum og um hvort mynda skyldi sjálfstæð baráttusamtök eða aðeins kosningavél sem Alþýðubandalagið hefði kveikjulykilinn að . Niðurstaðan varð sú að berjast skyldi gegn bæði hernum og NATO og geta menn leitt hugann að því hvílíkt hálfkák málflutningurinn hefði orðið ef hin stefnan hefði orðið ofan á.

Þá var einnig samþykkt að stefna að stofnun sjálfstæðra samtaka og var kosin 12 manna miðnefnd til að undirbúa stofnun þeirra, m.a. með stofnun starfshópa. Í tillögum undirbúningsnefndar var gert ráð fyrir að önnur ráðstefna skyldi haldin að ári liðnu, en með breytingartillögu fékkst fram að á þeirri ráðstefnu yrði ákveðið um stofnun samtaka herstöðvaandstæðinga.

Á ráðstefnunni var deilt um í hvaða samhengi þessi hreyfing skota til sjálfstæðis- og þjóðernisvitundar landsmanna hljóta þeir að leggja áherslu á alþjóðlegt samhengi herstöðvamálsins og þá staðreynd að baráttan gegn herstöðvum á Íslandi er liður í örlagaríkri viðureign smáþjóða víða um heim, sem heyja baráttu gegn yfirgangi og sífelldri ásælni stórveldanna. Jafnframt er barátta íslenskra herstöðvaandstæðinga liður í víðtækri baráttu gegn hernaðarbandalögum og síauknum vígbúnaði og vopnaframleiðslu herveldanna."

Á þessari ráðstefnu staðfestist enn betur það sem kom í ljós á ráðstefnu Víetnamnefndarinnar skömmu áður, að Fylkingin var að tapa forystuhlutverki sínu sem leiðandi afl róttæks fólks, en hinni nýju fjöldastefnu KSML óx fiskur um hrygg.



Frá mótmælafundi herstöðvaandstæðinga fyrir framan sovéska sendiráðið til að mótmæla innrás Varsjárbandalagsríkja í Tékkóslóvakíu.

1976

Árið 1976 var ár harðrar og árangursríkrar baráttu og kom þar í ljós hversu mikils virði Samtök herstöðvaandstæðinga voru. Landhelgisdeilan setti mikinn svip á baráttuna. Í ársbyrjun kom Jósep Luns hingað til lands til þess að reyna að sætta hina stríðandi bandsmenn í NATO. Miðnefnd herstöðvaandstæðinga fór á fund hans með mótmæli. Hópur fólks fór einnin inn á skrifstofu Varðbergs og NATOs hér á landi og settist að um hríð hjá "húsmóðurinni í Vesturbænum", Magnúsi Þórðarsyni.

13. mars lokuðu herstöðvaandstæðingar hliðum Keflavíkurflugvallar og héldu baráttusamkomu í Stapa um kvöldið.

Þann 15. maí fór svo fram öflug Keflavíkurganga. Er talið að um 15.000 manns hafi tekið þátt í henni og útifundinum sem haldinn var á eftir. liti á baráttu sína. Barðist Fylkingin gegn því að minnst yrði á baráttu fyrir sjálfstæði landsins og gegn ásælni risaveldanna. Varð hún þó að láta í minni pokann því eftirfarandi tillaga var samþykkt: "Erlend herseta í landinu og aðild að hernaðarbandalagi felur í sér skerðingu á sjálfstæði þjóðarinnar og hefur í för með sér margvísleg óæskileg áhrif á íslenskt þjóðlíf. Brottför hersins og úrsögn úr NATO er því forsenda fyrir fullu og óskoruðu sjálfstæði, en jafnframt því sem herstöðvaandstæðingar skír-

Landhelgismálið setti mikinn svip á aðgerðirnar og hafði yfir höfuð mikil áhrif á afstöðu fólks til hersins og NATO. Sú staðreynd að Ísland varð fyrir árás annarra NATO-ríkja sýndi fólki fram á hver vörn NATO og herinn væru fyrir Ísland. Jafnframt leiddi það huga fólks að því til hvers herinn væri hér fyrst hann varði ekki landið. Þessi afhjúpun varð til þess að herstöðvasinnar breyttu áróðri sínum. Nú var það ekki lengur hugsjón eða varnarþörf sem kallaði á veru hersins og veruna í NATO. Nú átti að láta herinn borga fyrir að fá að vera hér. Upphófst þegar mikill söngur um alla þá dollara, brýr, bryggjur, flugvelli og vegi sem hægt væri að fá frá hernum. Helst átti að láta Kanann bjarga við bágbornum efnahag landsins. Hefur þessi betlistefna, sem nefnd hefur verið Aronska, alla tíð síðan verið megin uppistaðan í áróðri herstöðvasinna. Þurfa herstöðvaandstæðingar að gefa þessari nýju stefnu meiri gaum og beina spjótum sínum að henni.

Í október var haldin önnur landsráðstefna herstöðvaandstæðinga og voru þar formlega stofnuð Samtök herstöðvaandstæðinga. Harðar deilur urðu um afstöðuna til risaveldanna og lögðu marx-lenínistar í KFÍ/ml og EIK mikla áherslu á baráttu gegn stríðsundirbúningi risaveldanna og afhjúpun á heimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Hlaut sá málflutningur meiri hljómgrunn en áður, en til að forðast klofning var sæst á málamiðlunartillögu í stefnuskrá sem hljóðar svo: "Samtök herstöðvaandstæðinga líta á störf sín og stefnu sem þátt í víðtækri baráttu gegn heimsvaldasinnuðum hernaðarbandalögum, drottnunarstefnu og síauknum vígbúnaði herveldá.' Þótti Eikurum sem ekki væri nóg að gert með þessu og höfnuðu því að fá félaga í miðnefnd. Hafa þeir ekki síðan tekið þátt í störfum miðnefndar.

1977 - 1978

1977 var farin Straumsvíkurganga og 1978 var önnur Keflavíkurganga.

Árið 1977 mótaði þau þáttaskil í sögu herstöðvaandstæðinga að þau tóku í fyrsta sinn afstöðu gegn útþenslu og drottnunarstefnu Sovétríkjanna. Fyrir atbeina félaga KFÍ/ml stóðu SHA fyrir mótmælastöðu fyrir framan sovéska sendiráðið þann 21. ágúst til að mótmæla innrás Varsjárbandalagsríkja í Tékkóslóvakíu 1968. Þessar aðgerðir efldu andstöðuna við heimsvaldastefnu Sovétríkjanna og 1978 voru aðeins harðsoðnir Rússadindlar á móti mótmælastöðu við sovéska sendiráðið.

Landsráðstefnan 1978 mótaðist mikið af því að Alþýðubandalagið var enn á ný komið í ríkisstjórn og í þetta sinn án þess svo mikið sem að hreyfa hermálinu. Herstöðvaandstæðingar höfðu margir treyst á að Alþýðubandalagið sæi fyrir sigri málstaðarins á Alþingi en núverandi ríkisstjórn sökkti öllum þeim hálmstráum. Því var ákveðið að fara nýjar leiðir í baráttunni og vinna að þjóðaratkvæðagreiðslu um brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Enn á ný rembdist Alþýðubandalagið á móti en það er liðin sú tíð að herstöðvaandstæðingar láti það segja sér fyrir verkum.

Hagsmunir stórveldanna

Nokkur skrif hafa orðið vegna þeirrar málaleitunar Sovétríkjanna, að olíuhöfn yrði komið á fót hérlendis eða alla vega stækkað geymslurými skapað. Samkvæmt heimildum munu Sovéskir aðilar hafa boðist til að sjá íslendingum fyrir efni í olíutanka. Morgunblaðið benti á þá staðreynd, að Sovéska heimsvaldastefnan hefur iðulega beitt þessari aðferð til þess að skapa sér aðstöðu innan mæra hinna ýmsu þjóðríkja. Sovétmenn hafa meira að segja beitt fyrir sig svonefndum þróunaraðstoðargjöfum, til þess arna. Frægast er dæmið um klósettseturnar sem þeir sendu Afríkuríki einu í geysilegu magni. Þær komu skiljanlega ekki að sönnum notum því salernin skorti og ekki pössuðu þær á önnur salerni en sovésk. Næsta skref var síðan að bjóða viðkomandi ríki að reisa verksmiðju sem framleiða skyldi klósett og aðra hreinlætismuni. Þessu höfnuðu afríkumenn en notuðu seturnar þess í stað til þess að ramma inn hátíðamyndir af leiðtoga sínum á mörgum opinberum stöðum í landinu.

Umsagnir Morgunblaðsins um heimsvaldastefnu Sovétríkjanna skapraunuðu Þjóðviljanum svo að um munaði. Og þó svo að blaðamenn hans og ritstjórar hafi yfirleitt verið fljótir að eygja bandaríska heimsveldishagsmuni að baki öllum viðskiptasamningum sem gerðir hafa verið við bandarísk stórfyrirtæki og fordæmt þá réttilega, brá svo við nú, að þeir sáu ekkert annað en hreina viðskiptahagsmuni í olíumálinu.

Því nú horfir málið allt, allt öðru vísi við. Nú er stórfyrirtækið erlenda sovéskt og þá eru engir heimsveldishagsmunir að baki viðskiptasamningum þess. Hvað skyldi annars sami aðili hafa sagt, ef Standard Oil hefði boðist til þess að selja íslensku olíufyrirtækjunum efnivið í þá tanka sem rússarnir vilja fá? Ætli þá hefði ekki fylgt spakleg athugasemd um heimsvaldaítök erlends auðhrings á Íslandi? Þetta olíumál afhjúpar alveg einstæða einfeldni og pólitíska þrælslund Þjóðviljans við alla Sovéska hagsmuni, hvort sem þeir eru andstæðir hagsmunum Íslands eða ekki. Þjóðviljinn er ekkert frábrugðinn Mogganum í þénustu sinni við heimsvaldastefnuna, hann þjónar einungis öðrum herra. Og þegar Mogginn fegrar sinn herra með titlinum málsvari lýðræðis og frelsis, fegrar Þjóðviljinn sinn með titlinum málsvari sósíalisma og þjóðfrelsis.

Að biðja um kauplækkun

Verkalýðsforingjar Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins gerast stöðugt ósvífnari í viðleitni við að halda flokkum sínum á jötunni. Allir hagsmunir verkalýðsins eiga að bíða, nú er þess krafist í nafni verkalýðshreyfingarinnar að ríkisstjórnin sitji áfram og haldi áfram að lækka kaupið.

Í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar var skýrt frá hlutverki Gvendar Jaka í þessum leik. Alþýðubandalagsmaður staðfesti það í viðtali við blaðamann STB að frásögnin væri rétt en bætti því við að ekki væri alveg á hreinu innan AB hver hefði sent Jakann af stað. Helst væri hallast að því að Lúðvík Jósefsson stæði þar bak við.

En það eiga fleiri hlutverk. Forystumenn verkalýðsfélaga úti á landi leika einnig.

Þing Alþýðusambands Vesturlands samþykkti ályktun um að stjórnarslit nú væru "gróf svik við launþegahreyfinguna í landinu". Þar segir einnig að þingið telji "að vel sé til vinnandi fyrir launþega að taka á sig einhverjar byrðar...."

Alþýðubandalagið pantaði líka samþykkt frá Alþýðusambandi Austurlands. Formannaráðstefna Alþýðusambands Austurlands var kölluð saman og sendi fra sér kostulega ályktun. Hún er svo áköf beiðni um kauplækkun að meira að segja alþýðubandalagsmönnum fyrir sunnan blöskrar.

Í ályktuninni segir að "stjórnarslit nú væru gróf svik við ísl. verkalýðshreyfingu". Takið eftir að orðalagið er einkennilega líkt og í ályktun Alþýðusambands Vesturlands.

Síðar í ályktuninni segir: "Fundurinn lýsir sig fúsan til þess að taka á sig nokkra kaupmáttarskerðingu til að ná þeim efnahagslegu markmiðum, sem frumvarpið sneiðir að, en telur ekki óeðlilegt að komið verði til móts við tekjulægstu hópa þjóðfélagsins, t.d. þannig, að ekki skuli skerða laun undir 210.000 á mánuði nema um helming þess, sem laun almennt yrðu skert".

Þakið á vísitölugreiðslur til BSRB var sett við laun að upphæð um 280.000 krónur. Ríkisstjórnin áleit sem sagt að þeir sem hefðu lægri laun væru láglaunafólk. Greinilega eru formenn verkalýðsfélaga á Austurlandi ekki á sömu skoðun, þeir setja markið við 210.000. Þeir sem fá hærri laun eru hátekjumenn.

Það er greinilegt að þeir sem standa að þessum ályktunum eru alls ekki að hugsa um hag verkalýðsins og það er ekki mögulegt að líta á aðgerðir þeirra sem annað en "gróf svik við launþegahreyfinguna í landinu" svo notuð séu þeirra eigin orð.

Rektorskjör í HÍ

Ljóst er orðið eftir prófkosningar um rektor Háskóla Íslands að kosið verður um tvo menn þann 3. apríl n.k.. Þeir eru:

Guðmundur Magnússon og Sigurjón Björnsson. Allt íhaldsliðið í Háskólanum mun að líkindum fylkja sér um Guðmund og því er mikilvægt að stúdentar séu vakandi. Það er sárgrætilegt hve stúdentar sýndu lítinn áhuga á prófkosningunum og notuðu ekki kosningarétt sinn. Í aðalkosningunum verða þeir að nota kosningaréttinn og koma í veg fyrir að íhaldið nái að koma að manni sem er reiðubúinn að fallast á sparnaðarkröfur ríkisvaldsins. Vinstrimenn meðal stúdenta telja að eina leiðin til að koma í veg fyrir þetta sé að kjósa Sigurjón Björnsson. Í háskólaráði hefur hann oft talað máli stúdenta og verið þeim hliðhollur. Guðmund þekkja menn aftur á móti lítið en það vita menn þó að honum er ekki mjög hlýtt til vinstri sinnaðra stúdenta.

Atkvæði stúdenta, sem eru stór meirihluti kjósenda, gilda ekki nema 1/3 greiddra atkvæða. Þetta er mjög óréttlátt og það er nauðsynlegt að stúdentar berjist fyrir því að atkvæði þeirra verði metin hærra. En þrátt fyrir þetta eiga þeir að nota þann rétt sem þeir þó hafa. Þó að atkvæði stúdenta gildi ekki meira en raun ber vitni þá geta þau ráðið úrslitum um það hvort íhaldsvofan fær að drepa Háskólann eða hvort lýðræði fær þar en að þrífast. Það er ljóst að ef æðsta vald skólans er í höndum manna sem eru á móti öllu lýðræði þá blæs ekki byrlega fyrir baráttu vinstri sinnaðra stúdenta fyrir lýðræðislegu námi, jafnrétti til náms og fleiri baráttumálum.



Forysta BSRB hefur tekið höndum saman við ríkisstjórnina um að skerða kjör launþega.



Sjálfsgagnrýni Morgunblaðsins!

Laugardaginn 24. mars birtist í mogganum grein sem hét Morgunblaðið talsmaður sósíalheimsvaldastefnunnar. Í greininni er vitnað til greinar í Stéttabaráttunni þar sem sagt er m.a. frá því hvernig áróðurinn gegn stjórn Pol Pots var aðstoð við víetnama og rússa í útþenslustefnu þeirra í Suðaustur-Asíu. Áróðurinn var sem kunnugt er hvað hatrammlegastur í mogganum.

Á greininni verður ekki annað séð en að ritstjórar moggans séu sammála þessu. Að minnsta kosti er fyrirsögn moggagreinarinnar, "Morgunblaðið talsmaður sósíalheimsvaldastefnunnar", búin til af moggamönnum.

Þá er næsta skrefið hjá moggaritstjórum að taka frú Elínu Pálma í bakaríið.

Annars er ekki skrítið að Kampútseumálið standi í moggamönnunum. Þeir sögðu ljótar sögur af "morðóðu klíku Pol Pots" sem átti að hafa margþurrkað út þjóðina. En nú bregður svo undarlega við að næstmesta herveldi þessa heimshluta er á undanhaldi undan her þessarar stjórnar.

Skýringin er einfaldlega sú að Pol Pot stjórnin átti og á vísan stuðning alþýðunnar í Kampútseu.

En vitaskuld a Mogginn bagt með að skilja þetta. Andstaða þeirra gegn sovésku heimsvaldastefnunni á ekkert skylt við samúð með málstað friðar í heiminum. Andstaða þeirra grundvallast á hundflatri tryggð við hagsmuni bandarísku heimsvaldastefnunnar.

Þjóðviljinn.

En það eru fleiri en moggaritstjórarnir sem hafa fengið verki af lestri STB. Árni Bergmann er greinilega illa haldinn. Hann eyðir miklum parti af Klipptu og skornu laugardaginn 24. Í það að koma því inn hjá lesendum Þjóðviljans að STB styðji varðhunda NATÓs á Íslandi.

En hverjum ferst að tala? Hver er Árni Bergmann sem ræðst að starfandi herstöðvaandstæðingum með falsi og lygum? Hvert er starf hans fyrir Samtök herstöðvaandstæðinga t.d. nú í þeirri geysilegu vinnu sem unnin hefur verið kringum 30. mars? Hvert er yfirleitt starf forystumanna Alþýðubandalagsins í þágu málstaðarins Íslands úr NATO - herinn burt? Þessir menn, Árni Bergmann og co. sjást sjaldnast og aldrei í starfi fyrir herstöðvaandstæðinga. Nei Árni Bergmann, þeim ferst ekki að kasta steinum sem búa í glerhúsi.

Herstöðvaandstæðingar vita að Kommúnistaflokkur Íslands og Stéttabaráttan styðja af fullri einurð baráttu þeirra og að sá stuðningur kemur fram í verki.

Herstöðvaandstæðingar vita það líka, að Árni Bergmann og hans líkar liggja hundflatir fyrir sovésku heimsvaldastefnunni og að hann er ein helsta málpípa hennar á Íslandi.



ÚR BARÁTTUNNI

ÚR ORÐABÓK HARALDAR STEINÞÓRSSONAR.

Í Ásgarði blaði BSRB, er grein eftir framkvæmdastjórann Harald Steinþórsson. Greinin ber heitið Verndum vísitölukerfið.

Haraldur bendir réttilega á "að verðbólgan hér á landi hefur verið svo ör undanfarin ár, að vísitölutrygging er óhjákvæmileg nauðsyn fyrir launþega". Framkvæmdastjórinn bendir á að allar bollaleggingar ríkisins og atvinnurekenda um breytingar á vísitölukerfinu eru til "að draga úr verðbólguáhrifum og víxlgangi í verðlags- og kaupgjaldsmálum". Hann bendir líka á að þetta er aðeins gert til þess að koma í veg fyrir vísitöluhækkanir launanna. Það er að segja breytingarnar eiga að lækka launin.

Eðlileg afleiðing þessara skrifa framkvæmdastjórans ætti að vera sú að hann væri á móti öllum breytingum á vísitölukerfinu og heimtaði ófalsaða vísitölu.

En því er ekki að heilsa. Framkvæmdastjórinn setur alls ekki fram þá kröfu. Þvert á móti vitnar hann í fulltrúa launþega í vísitölunefndinni sálugu þar sem hann sjálfur átti sæti.

Þessir fulltrúar segja "það koma til greina að taka upp viðskiptakjaravísitölu í framtíðinni". Þessir fulltrúar ljá því meira að segja máls að kaupgjaldsvísitala verði sett á 100 við samninga.

Þetta hvort tveggja veldur því einmitt að vísitölubætur skerðast, kaupið lækkar.

Opinberir starfsmenn hljóta að krefjast þess að framkvæmdastjóri BSRB geri það upp við sig hvort vísitölukerfið eigi að mæla rétt eða rangt. Í framhaldi af því geta opinberir starfsmenn síðan gert upp við sig hver eigi að vera framkvæmdastjóri BSRB.

Í MÁL VIÐ BORGINA.

Dálítið athyglisverð málaferli virðast vera í uppsiglingu hjá Reykjavíkurborg. Einn starfsmaður borgarinnar telur sig ekki hafa fengið greiddar umsamdar vísitölubætur 1. des. sl. og heldur ekki fengið neitt úr "félagsmálapakkanum". Þess vegna fer hann fram á að fá umsamdar bætur greiddar.

Hann gefur borgarstjórninni frest til að svara málaleitan sinni en kveðst muni höfða mál á hendur borginni ef erindi hans verði hafnað.

Stéttabaráttan treystir sér ekki til að dæma um lagalegt gildi þessara aðgerða en telja má öruggt að niðurstaða borgarinnar verði neikvæð. Ella þyrfti að endurskoða launagreiðslur allra borgarstarfsmanna og raunar allra launþega.





Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
13. tbl. 27.3. 1979 8. árg.



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Dagvistunarganga

Samstarfsnefnd um dagvistunarmál gekkst fyrir göngu og útifundi þ. 24. mars s.l. undir kjörorðinu "Næg og góð dagvistunarheimili fyrir öll börn" Tókust aðgerðir þessar í flesta staði ágætlega. Var talið að um 1000 manns hefðu hafið gönguna en er á leið slógust fleiri í hópinn.

Gengið var að Lækjartorgi og var þar haldinn útifundur þar sem ýmsar kröfur varðandi dagvistunarmálin voru teknar upp. Var þarna ýmislegt til skemmtunar fyrir börn og fullorðna m.a. úrdráttur úr barnaleikritinu "Bak við holt og hæðir" og sönghópar sem tróðu upp. Eitt stutt ávarp var flutt.

Jafnframt þessum aðgerðum hefur samstarfsnefndin gengist fyrir undirskriftarsöfnun til stuðnings fyrrnefndu kjörorði. Söfnunin hófst 8. mars og á að standa yfir í tvo mánuði. Ætlunin er að safna um 15-20 þús. undirskriftum. Í lok söfnunarinnar verða listarnir afhentir borgaryfirvöldum.



Frá fjölmennum útifundi til stuðnings baráttunni fyrir nægum og góðum dagvistunarheimilum fyrir öll börn.



Fréttir um kínverska innrás í Laos rangar

Talsvert hefur verið um fréttir hér á landi og annars staðar um að kínverjar séu að undirbúa innrás í Laos. Fréttir þessar eru komnar frá stjórnum Sovétríkjanna, Víetnams og Laos.

Han Nianlong varautanríkisráðherra Kína mótmælti þessu harðlega við sendiherra Laos í Peking að því er segir í fréttum það-an 10. mars sl..

Hann ásakar ríkisstjórn Laos fyrir að hafa stigið skref í þá átt að spilla sambúð landanna.

Í orðsendingu kínverska ráðherrans eru ásakanir Laos stjórnar nefndar "stórkostlegur tilbúningur og algerlega úr lausu lofti gripinn". Laos stjórn hafði ásakað Kína fyrir að hafa safnað saman her á landamærum ríkjanna og skotið yfir landamærin auk þess að hafa smyglað njósnurum til Laos.

Kínverski ráðherrann bendir einnig á að daginn eftir að þessar fölsku ákærur Laos stjórnar voru birtar hafi hún rofið samning landanna um byggingu vega í norðurhluta Laos og rekið heim kínverska aðstoðarmenn.

Sovétstjórnin bergmálaði yfirlýsingu Laos stjórnar og ásakaði kínverja um að "undirbúa innrás í Laos". Þetta sýnir, sagði ráðherrann, tengslin milli andkínversks áróðurs Laos, Víetnams og Sovétríkjanna.

Í Dagblaði alþýðunnar 11. mars er tekið í sama streng. Þar er rakin saga þessara lognu ásakana. Annan mars sl. birti sovéska stjórnin frétt þar sem sagði að kínverjar flyttu her að landamærunum til að "undirbúa innrás í Laos". Fjórða mars kemur síðan yfirlýsing víetnamskra yfirvalda um að "margar kínverskar hersveitir séu að undirbúa árás í Laos". Sama dag sendir mongólska stjórnin frá sér samhljóða yfirlýsingu þar sem ráðist er á Kína.

Síðan er það ekki fyrr en fjórum dögum eftir yfirlýsingu sovétstjórnarinnar að stjórn Laos segir eitthvað um málið. Það er því greinilegt hver er forsöngvarinn í þessum andkínverska níðsöng.

Tilgangur sovétmanna.

Dagblað alþýðunnar bendir á að þetta er ekki í fyrsta sinn sem víetnamskar og sovéskar fréttastofur búa til fréttir um Kína í þeim tilgangi að sverta Kína.

Tilgangur sovésku heimsvaldasinnanna er ekki aðeins sá að sverta Kína í augum heimsins heldur ekki síður að breiða yfir eigin glæpaverk og beina athygli heimsins frá glæpaverkum sovétmanna og fylgifiska þeirra í Asíu og Afríku.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að sovésku heimsvaldasinnarnir eru um þessar mundir að umkringja Kína með því að ná undir sín áhrif ríkjum kringum Kína. Þau ríki sem meira og minna stjórnast af Sovétríkjunum eru nú Mongólía, Víetnam, Laos og Afganistan. Auk þess mátti heyra nýlega í fréttum að Kosigyn var á ferð í Indlandi og undirritaði þar "vináttusamning".

Á sama tíma og sovésku heimsvaldasinnarnir stjórna og taka þátt í vopnaðri íhlutun leppa sinna í Asíu og Afríku, undirbúa þeir jarðveginn fyrir íhlutun í málefni ríkja Vestur-Evrópu. Það er hin tæknivædda Vestur-Evrópa

framhald á síðu 2

Viðtöl við fulltrúa Baráttueiningar og Samfylkingar

Baráttueining 1. maí hélt fund 18. mars sl. þar sem samþykkt var að senda Samfylkingu 1. maí samstarfstilboð um sameiginlegar aðgerðir n.k. 1. maí. Á fundi Samfylkingar þann 21. mars var samstarfstilboðinu tekið og ákveðið að efna til sameiginlegs fundar þriggja manna stjórna beggja hreyfinganna. Sá fundur skyldi taka frekari akvarðanir um framhald samstarfsins. Hann var haldinn s.l. laugardag og af því tilefni hafði Stéttabaráttan samband við einn aðila úr hvorri stjórn, þá Gunnar Hrafn Birgisson f.h. Baráttueiningar 1. maí og Sumarliða Ísleifsson f.h. Samfylkingar 1. maí, og lagði fyrir þá nokkrar spurningar.



Gunnar Hrafn Birgisson

-Gunnar, hvað höfðuð þið fulltrúar Baráttueiningar 1. maí fram að færa á þessum fundi með stjórnum Samfylkingar og Baráttueiningar?

- Stjórn Baráttueiningar 1. maí hafði lagt fram ítarlega tillögu að pólitískum grundvelli, sem hún taldi samstarf þessara tveggja hreyfinga geta byggst á. Þessa tillögu okkar ásamt með samstarfstilboði, lögðum við fyrir fund Samfylkingar þann 21. mars. Aðalkjörorð þessarar tillögu okkar að pólitískum grundvelli eru birt hér í blaðinu en grundvöllurinn mun birtast í heild sinni í næsta blaði.

Af okkar hendi lá því þessi ítarlegi tillögugrundvöllur fyrir fundi stjórnanna og spurningin um það hvort um hann gæti náðst samstaða.

Stjórn Samfylkingar lagði fram samþykkt fundar síns, efnislega á þá leið að höfuðbaráttumálin væru baráttan gegn kreppuárásum auðvaldsins og stéttasamvinnu, og baráttan gegn drottnunarstefnu risaveldanna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Um þessi höfuðatriði eru Baráttueining og Samfylking algerlega sammála. Um það var gerð samþykkt á fundinum.

Við í Baráttueiningu töldum það mikilvægt og að fyrir því væru fullar forsendur að samstarfið byggðist á nákvæmari og ítarlegri grundvelli. Baráttueining 1. maí hefur haft og hefur ákveðna stefnu til hinna ýmsu baráttumála. Þá stefnu lögðum við fram í tillögugrundvelli okkar, sem við vildum að Samfylking tæki afstöðu til.

- Verður samstarf þessara hreyfinga á 1. maí og þá á hvaða grundvelli pólitískum og skipulagslegum?

- Já, það verður samstarf og við fögnum því. Fulltrúar Samfylkingar vildu þó ekki samþykkja tillögu okkar að pólitískum grundvelli. Stefna Samfylkingar frá í fyrra er þó að mestu samhljóða tillögu okkar og fulltrúarnir lýstu sig nær alveg sammála henni efnislega. Við lýstum eftir breytingum til bóta á tillögunni en þeir höfðu ekkert sérstakt við hana að bæta.

Eitt atriði var það í tillögunni sem fulltrúar Samfylkingar gátu illa fellt sig við. Það var sú kjarakrafa sem Baráttueining hefur lagt upp í hagsmunabaráttunni - Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Þó gátu þeir loks fallist á að krafan væri borin í göngunni en yrði ekki aðalkrafa.

Þó svo fulltrúar Samfylkingar treystu sér ekki til að samþykkja tillögu okkar að pólitískum grundvelli þá voru þeir henni ekki andvígir. Þeir samþykktu að Baráttueining beitti þeirri pólitík er fram kemur í grundvellinum í áróðursstarfi sínu fyrir hinar sameiginlegu aðgerðir 1. maí n.k..

framhald á síðu 2



Sumarliði Ísleifsson

sp. Hvaða pólitískan grundvöll lögðu fulltrúar Samfylkingar fram á fundinum með fulltrúum Baráttueiningar og hver er afstaða ykkar til grundvallar Baráttueiningar?

svar: Á almennum liðsfundi Samfylkingar 1. maí, var eftirgreindur grundvöllur samþykktur: 1) Gegn stéttasamvinnunni, verjum samningsréttinn, auðvaldið beri sína eigin kreppu. Á þessi atriði þarf að leggja mesta áherslu og önnur atriði að taka mið af því, s.s. í faglegri kvennabaráttu og námsmannadeild. 2) Gegn drottnunar- og stríðsstefnu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, Ísland úr Nató - herinn burt. Styðjum baráttu alþýðunnar í Palestínu, Eritreu og Kampútseu og minnt á að þar er baráttan gegn heimsvaldastefnunni og risaveldunum hörðust.

Svo sem ljóst má vera, er þetta fyrst og fremst umræðurammi og á grundvelli hans vill stjórn Samfylkingar 1. maí vinna að myndun sem víðtækastrar einingar, og að aðrar kröfur mótist í samvinnu við aðra aðila á þessum grundvelli.

Ég tel að samstarfsgrundvöllur Baráttueiningar sé í öllum höfuðatriðum í samræmi við stefnu okkar, málefnalegur ágreiningur er svo lítill, að hann á ekki að geta komið í veg fyrir samvinnu.

sp: Verður samstarf þessara hreyfinga á 1. maí og þá á hvaða pólitískum og skipulagslegum grundvelli?

svar: Ég tel engar líkur á öðru en að samstarf verði milli hreyfinganna tveggja. Stjórn Baráttueiningar og Samfylkingar hafa þegar haldið með sér einn fund. Á honum var m.a. eftirfarandi bókun gerð, sem báðir aðilar samþykktu: "Sent skal út bréf sem innihalda skýra stefnu gegn kreppuárásum, stéttasamvinnunni og heimsvaldastefnunni. Grundvöllurinn verði skýrður náið út og nokkur höfuðkjörorð sett fram sem tillaga".

Ég tel að sá ágreiningur sem var um hvernig stofnað skyldi til víðtækari samfylkingar hafi verið leystur með þessari samþykkt.

sp: Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?

svar: Að lokum vil ég hvetja alla, bæði félagasamtök, hópa á vinnustöðum og í skólum og einstaklinga til að taka þátt í því samstarfi sem hér er að fara af stað. Það er eini valkosturinn sem baráttufúst verkafólk og annað alþýðufólk hefur á 1. maí í ár.

'Askrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík

Nú hafa verið stigin skref í átt til betra blaðs. Stéttabaráttan mun framvegis koma út í þessum nýja búningi.

Blaðauki mun framvegis vera einu sinni í mánuði og fjalla um afmarkað efni eins og nú er. Næsti blaðauki kemur í lok apríl og fjallar hann um 1. maí.

Þessar breytingar og aðrar fyrirhugaðar eru fjárfrekar og tekjur blaðsins eru aðeins áskriftagjöld og lausasölutekjur

Af þessu hefur reynst nauðsynlegt að hækka lausasöluverð blaðsins upp í 150 krónur. Söluverð blaðsins hefur ekki hækkað síðan í ársbyrjun 1977 en eins og allir vita hefur óðaverðbólga geysað síðan. Við sjáum okkur því tilneydd að hækka áskriftarverð blaðsins í 5000 kr. og í kr. 7000 baráttuáskrift fyrir árið 1979.

Á næstunni mun áskriftaherferð fara af stað og skorum við á alla velunnara blaðsins að setja sig í stellingar og hefja og undirbúa söfnun áskrifenda.

Auk þess að fjölga áskrifendum stefnir ritnefnd að því að koma blaðinu í sölu í sjoppum og á blaðsölustöðum.